

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1996, um mannanöfn, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur frá innanríkisráðuneyti og Skúla Guðmundsson frá Þjóðskrá Íslands.

Umsagnir bárust frá Bahái-samfélaginu, mannanafnanefnd og Siðmennt, félagi siðrænna húmanista.

Með frumvarpinu er lagt til að mál er varða mannanöfn verði afgreidd á einum stað hjá Þjóðskrá Íslands í stað þess að þau séu afgreidd þar eða í innanríkisráðuneyti. Markmiðið með frumvarpinu er að einfalda alla málsmeðferð við nafnbreytingar. Áfram verði þó heimilt fyrir ráðherra að veita nafnbreytingu samhliða veitingu íslensks ríkisborgararéttar.

Nefndin fjallaði um málið og telur að með breytingunum verði stjórnýsla þessara mála einfölduð gagnvart borgurunum og umsóknir afgreiddar hjá Þjóðskrá Íslands sem er lægra sett stjórnvald. Breytingin er því í samræmi við meginreglur stjórnýslulaga um að réttaröryggi borgaranna sé betur tryggt þegar þeir geta skotið ákvörðun lægra setts stjórnvalds, þ.e. Þjóðskrár Íslands, til ráðuneytis.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. gr. komi: ráðherra.
2. 5. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Róbert Marshall, Valgerður Bjarnadóttir, Vigdís Hauksdóttir og Práinn Bertelsson voru : fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þór Saari, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkuð álitinu.

Alþingi, 28. febr. 2011.

Atli Gíslason,
varaform., frsm.

Mörður Árnason.

Birgir Ármannsson.

Álfheiður Ingadóttir.

Sigurður Kári Kristjánsson.